

V. KAFLI

16. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1984, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er út gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 124, 22. febrúar 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 23. júlí 1984.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 342

19. júlí 1984

AUGLÝSING

um breytingar á samþykkt um stjórn bæjarmála Bolungarvíkur,
nr. 152 4. apríl 1975, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Bæjarstjórn Bolungarvíkur skal skipuð 7 (sjö) bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.

2. gr.

2. tl. í staflið A 3. mgr. 2. gr. orðist svo:

Hún skal hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins og/eða bæjarstofnana, eða með annarri ákvörðun bæjarstjórnarinnar. Ennfremur að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.

3. gr.

Stafliður C í 3. mgr. 2. gr. orðist svo:

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra, kýs bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga bæjarins. Ennfremur skipar hún fasta starfsmenn skv. þeim reglum er um getur í 45. gr. og semur um laun þeirra.

4. gr.

7. gr. orðist svo:

Bæjarstjórn hefur reglulega fundi þriðja hvern fimmtudag og skulu fundir að jafnaði hefjast kl. 20.00. Þó er bæjarstjórn heimilt að fella niður fundi í júlí og ágústmánuði svo og að taka upp tímabundnar ákvarðanir um tíðni bæjarstjórnafunda innan marka sem sett eru í 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58 frá 29. mars 1961. Bæjarstjóri boðar fundi bæjarstjórnar.

Aukafundi skal halda skv. ákvörðun bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar, eða ef 3 bæjarfulltrúar, hið fæsta, æskja þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni. Bæjarstjóri ákveður þá fundartíma og tilkynnir það bæjarfulltrúum með svo löngum fyrirvara, sem unnt er. Einu sinni á ári skal halda bæjarstjórnarfund, þar sem fundarmönnum (bæjarbúum) skal gefinn kostur á að taka til máls. Bæjarstjórn ákveður dagskrá og fundartíma.

5. gr.

3. málsgrein 10. gr. falli niður.

6. gr.

11. gr. orðist svo:

Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Einfaldur meirihluti þeirra, sem þátt taka í atkvæðagreiðslu hverju sinni ræður úrslitum mála, enda taki að minnsta kosti fimm bæjarfulltrúar þátt í atkvæðagreiðslu. Náist ekki fram þátttaka meirihluta bæjarfulltrúa skal atkvæðagreiðsla endurtekin, nafnakall viðhaft eða afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar nema annað sé sérstaklega áskilið í samþykkt þessari.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu eða frávisunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og á móti, fellur það, nema við kosningu, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra, nefnda eða með því að festa því.

Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslu um tillögur skuli hagað.

7. gr.

13. gr. orðist svo:

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram að bæjarfulltrúi réttir upp hönd.

Pó skal atkvæðagreiðsla vera leynileg ef bæjarstjórnarmaður óskar þess.

Nafnakall skal viðhafa, ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar, eða tveir bæjarfulltrúar, hið fæsta.

Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæði nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti metur gild.

Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar sem sker úr, án umræðna.

8. gr.

20. gr. orðist svo:

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér bækur, skjöl og bréf bæjarins og stofnana hans.

Með slík erindi skulu þeir snúa sér til bæjarstjóra, og skal hann sjá um að umbeðnar upplýsingar verði veittar.

9. gr.

2. mgr. 24. gr. orðist svo:

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri ákveður það eða bæjarráðsmaður óskar þess.

10. gr.

4. mgr. 24. gr. orðist svo:

Bæjarráð getur heimilað eftirfarandi:

- a) Að flokkur, sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en ekki fulltrúa í bæjarráði, megi tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt.
- b) Að forseti bæjarstjórnar sitji fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt.

11. gr.

1. mgr. 26. gr. orðist svo:

Bæjarráð hefur umsjón og stjórn á fjárhag bæjarins, undirbúning fjárhagsáætlana, tillögur til úrskurðar á reikningum bæjarins, samning skýrslu um eignir og skuldir bæjarins,

svo og eftirlit með bókhaldi hans og innheimtu gjalda. Ennfremur stjórn og umsjón með vegamálum bæjarins, vinnuvélum bæjarins, holræsum, götum, vatnsveitu, vatnssölu og götulýsingu, lóða- og fasteignamálum, brunamálum, sjúkrahúss- og elliheimilismálum, barnaleikvöllum og dagheimili allt eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar og reglugerðum þar að lútandi.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað að undanskilinni 1. grein sem öðlast gildi við næstu sveitarstjórnarkosningar.

Félagsmálaráuneytið, 19. júlí 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

REGLUGERÐ

um bann við fiskveiðum 2.—6. ágúst 1984.

1. gr.

Frá og með 2. ágúst 1984 til og með 6. ágúst 1984 er bátum sem eru minni en 10 brl. óheimilt að stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20 júlí 1984.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón B. Jónasson.